

Fundargerð

Fimmtudagurinn 18. nóvember 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

Guðni Geir Einarsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu sat fundinn undir lið 2.

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðustu funda frestað til næsta fundar.

2. Staða mála – almenn umræða.

Guðni Geir Einarsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu kom á fundinn og farið var yfir störf nefndarinnar og verkefni sem eru framundan. Einnig var umræða um fjárhagsleg stöðva sveitarfélaga í heild sinni sem og einstök sveitarfélög. Stefnt verður á að nefndin taki fund með ráðherra eftir áramót.

3. Útkomuspá 2021

Lagðar voru fram útkomuspár 2021 en það eru um 45 sveitarfélög búin að skila inn útkomuspá. Farið var sérstaklega yfir sveitarfélög sem hafa verið í umræðu nefndarinnar ásamt nokkrum öðrum sem nefndin ætlar að fylgjast betur með. Farið verður betur yfir heildarstöðuna á fundi nefndarinnar í desember.

4. Undirbúningur fyrir fundi með sveitarfélögum

Búið var að ákveða að nefndin muni funda með nokkrum sveitarfélögum fljótlega en ákveðið var að bíða þangað til endanleg fjárhagsáætlun liggur fyrir. Stefnt verður að því í janúar 2022.

5. Reykjavíkurborg

Nefndarmaðurinn Gerður Guðjónsdóttur vék af fundi undir lið 5. Umræða um fyrirhugað bréf til Reykjavíkurborgar vegna fyrirvara borgarfulltrúa við ársreikning 2020.

6. Önnur mál

Enginn önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar 24. nóvember nk.